

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins 2025 – Fundargerð

Fundur haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, þann 3. apríl 2025 kl. 17:15 og í beinu streymi á heimasíðu sjóðsins.

Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:15 og gerði tillögu um að Grétari Má Ólafssyni, lögmanni, yrði falið að stýra fundinum. Tillagan var samþykkt með lófa-klappi.

Fundarstjóri tók því næst til starfa og gerði tillögu um að Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri hjá sjóðnum, yrði fundarritari. Enginn gerði athugasemd við það og fundarritari tók til starfa.

Fundarstjóri gerði grein fyrir fundarboði. Fundurinn skal skv. 7. gr. samþykktu vera boðaður með minnst 14 daga fyrirvara. Upplýsti hann að fundurinn hefði verið formlega boðaður á heimasíðu sjóðsins þann 20. mars sl. og með auglýsingum í Morgunblaðinu og Viðskiptablaðinu þann 19., 20. og 26. mars. sl. Fundarstjóri úrskurðaði að fundurinn væri rétt boðaður og lögmætur.

Fundarstjóri upplýsti um dagskrá fundarins, sem er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2024 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar: Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs.
6. Kosning í endurskoðunarnefnd.
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
8. Ákvörðun um laun stjórnar.
9. Önnur mál.

Fundarstjóri lagði til að umræður og fyrirspurnir verði sameinaðar um dagskrárlið eitt til þrjú. Fundurinn gerði ekki athugasemd við tillöguna.

Fundarstjóri kynnti fyrsta dagskrárlið og bauð Sigríði Magnúsdóttur að taka við.

1. Skýrsla stjórnar

Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar tók til máls.

Sigríður byrjaði á því að minnst tveggja stjórnarmanna sem sátu lengi í stjórn sjóðsins og féllu frá á árinu, Guðmundur Hjálmarsson og Brynjólfur Bjarnason.

Sigríður nefndi ávöxtun síðasta árs en helstu markaðir sem sjóðurinn fjárfestir á skiluðu góðri ávöxtun. Blandaðar ávöxtunarleiðir hækkuðu mest og var nafnávöxtun þeirra á bilinu 10%-13,8%. Tók hún fram að Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri myndi gera grein fyrir rekstri og afkomu sjóðsins á síðasta ári og Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingastjóri færi nánar yfir ávöxtun síðasta árs.

Sigríður fjallaði um hlutverk stjórnarmanna lífeyrissjóðs en starfsemin er lögbundin og er því að mestu í föstum skorðum. Hlutverk stjórnar er að móta stefnur sem starfsmenn vinna eftir og sinna eftirlitshlutverki til að tryggja að sjóðurinn starfi í samræmi við lög, reglur og stefnu sjóðsins. Endurskoðun og mótun fjárfestingastefnu Almenna lífeyrissjóðsins er stærsta verkefni stjórnar á hverju ári. Þar er ákveðið í hvaða eignaflokkum ávöxtunarleiðir fjárfesta, sett markmið um eignasamsetningu og skilgreind vikmörk sem heimila frávík frá stefnu.

Því næst vék Sigríður að áhættustýringu innan sjóðsins en stjórnin fer árlega yfir og endurskoðar eftirlitskerfi með áhættu með það að markmiði að sjóðnum sé kleift að greina, meta, vakta og stýra

áhættu í starfsemi sjóðsins. Stjórnin ber ábyrgð á áhættustýringu og eyðir drjúgum tíma á hverju ári í að skipuleggja og fylgjast með að það ferli sé skilvirkur.

Næst vék Sigríður að þjónustu við sjóðfélaga en stefna Almenna lífeyrissjóðsins er að veita sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu, faglega fræðslu og ráðgjöf. Á árlegum vinnufundi stjórnar á árinu 2024 var þjónusta við sjóðfélaga sérstakt þema. Farið var ítarlega yfir alla þætti þjónustunnar auk þess að líta til framtíðar og þá alveg sérstaklega stafrænnar þjónustu en sífellt fleiri nýta sér sjóðfélagavef og lánavef til að sækja upplýsingar og sinna eigin málum.

Sigríður fór yfir markaðs- og kynningarmál hjá sjóðnum sem eru reglulega til umræðu hjá stjórn. Almenni vill stækka til að viðhalda áhættudreifingu og ná fram stærðarhagvæmni í rekstri. Reynslan sýnir að það er mikilvægt að minna reglulega á sjóðinn til að viðhalda nýliðun og innri vexti. Ímyndarkönnun Gallup sýnir að Almenni er þriðji þekktasti lífeyrissjóðurinn og í öðru sæti þegar spurt var um þekkingu á vörkumerkinu. Almenni hefur lýst því yfir að sjóðurinn er einnig opin fyrir samstarfi og sameiningu við aðra sjóði. Í janúar sl. gerði sjóðurinn samstarfssamning við Brú lífeyrissjóð um séreignarsparnað en Brú mun benda sjóðfélögum sínum á ávöxtunarleiðir Almenna bæði fyrir lágmarks- og viðbótariðgjald.

Jafnframt hafa Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífsverk undirritað viljayfirlýsingu um að hefja formlegar viðræður um mögulega sameiningu sjóðanna. Stjórn Almenna er jákvæð gagnvart þessu verkefni og lítur á það sem tækifæri. Viðræður eru á frumstigi en stefnt er að niðurstöðu fyrir sumarið. Náist samkomulag verður tillaga um sameiningu borin upp til atkvæða á sjóðfélagafundi í samræmi við samþykktir hvors sjóðs.

Sigríður vék að því að í desember 2021 tilkynnti fjármálaráðuneytið að lífeyrissjóðir skyldu taka upp nýjar líftöflur sem gera ráð fyrir lengri meðalævi. Þetta þýðir auknar skuldbindingar, þar sem ellilífeyrir er greiddur til æviloka. Hæstiréttur staðfesti 27. nóvember 2024, í máli Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, að heimilt sé að laga réttindi sjóðfélaga eftir aldri vegna nýrra líftaflna. Dómurinn er fordæmisgefandi og staðfestir lögmæti slíkrar aðlögunar. Niðurstaðan styður réttindabreytingar sem samþykktar voru á ársfundi Almenna lífeyrissjóðsins 31. mars 2022. Með dómsniðurstöðunni má telja innleiðingu nýrra líftaflna hjá Almenna lokið.

Sigríður fór yfir stöðu ÍL-sjóðs en í október 2022 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra um mögulegar aðgerðir vegna stöðu ÍL-sjóðs og óskaði eftir viðræðum við eigendur HFF-skuldabréfa um uppgjör. Til að setja málið í samhengi má nefna að HFF-skuldabréfin eru ein stærsta einstaka eign Almenna lífeyrissjóðsins. Þann 23. febrúar 2024 hófust formlegar viðræður milli íslenska ríkisins og 18 lífeyrissjóða, þar á meðal Almenna lífeyrissjóðsins, um uppgjör HFF-skuldabréfa sjóðsins. Í mars 2025 lögðu ráðgjafar lífeyrissjóða og viðræðunefnd ráðherra fram tillögu um uppgjör HFF-bréfa með ríkisskuldabréfum, öðrum verðbréfum og gjaldeyri. Tillagan, sem þarf samþykki 75% kröfuhafa, verður borin upp á fundi skuldabréfaeigenda þann 10. apríl nk. Verði hún samþykkt, mun ráðherra leita heimildar Alþingis til að ljúka uppgjörinu með fjárákallögum.

Sigríður gerði grein fyrir því að Seðlabanki Íslands hafi birt sérrit um lífeyrissjóði og æskilegar umbætur á löggjöf um lífeyrissjóði að mati bankans. Sérritinu er ætlað að hvetja til umræðu og vera innlegg í mögulega endurskoðun á lagaumhverfi lífeyrissjóða. Stjórn sjóðsins hefur yfirfarið sérritið og mótað afstöðu til mikilvægra ábendinga. Sigríður vék orðum að söluaðferðum erlendra líftryggingafélaga og hvatti sjóðfélaga til að skoða vel valkosti og skoða m.a. fjárfestingastefnu, árangur, þjónustu, upplýsingar og kostnað.

Sigríður vék því næst að stjórnarstörfunum en stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem fjallað er um tilfallandi verkefni og önnur samkvæmt fyrirfram ákveðinni fundaáætlun þar sem verkefnum er dreift yfir árið. Einnig hittist stjórnin á aukafundum ef tilefni er til. Á tímabilinu frá apríl 2024 til mars 2025 fundaði stjórnin 15 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál og undirbúa fundi.

Að lokum þakkaði Sigríður meðstjórnendum fyrir gott samstarf á liðnu ári og þá sérstaklega þeim stjórnarmönnum sem láta af störfum á þessum ársfundi, þeim Má Mixa og Þórarni Guðnasyni í aðalstjórn

og Frosta Sigurjónssyni í varastjórn. Þeir gefa allir áfram kost á sér til stjórnarsetu. Sigríður vakti athygli á því að meðal tillagna að breytingum á samþykktum sjóðsins er að stjórn lífeyrissjóðsins verði skipuð sex aðalmönnum, án varamanna. Vegna möguleika á fjarfundum hefur dregið úr þörf á varamönnum þar sem þeir eru sjaldan kallaðir inn vegna fjarveru aðalmanna.

Að lokum þakkaði Sigríður sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári og starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf og ánægjulegt samstarf.

Fundarstjóri þakkaði Sigríði fyrir yfirferðina og kynnti næsta dagskrárlið.

2. Ársreikningur 2024 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins tók til máls.

Gunnar upplýsti að ársreikningur hafi verið birtur á heimasíðu sjóðsins.

Gunnar gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins og tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs. Vísaði hann til þess að ársskýrsluna og kynningu væri að finna á heimasíðu sjóðsins og fór yfir helstu upplýsingar sem þar væri að finna. Vísaði hann sérstaklega til áritunar endurskoðanda á ársreikningi en hún er án fyrirvara.

Gunnar fór yfir helstu tölur úr ársreikningi og fór sérstaklega yfir breytingu á eign sjóðsins á árinu, framlag iðgjalda, lífeyris og fjárfestingatekna í eignabreytingu á árinu 2024.

Helstu tölur úr ársreikningi voru kynntar en þær eru eftirfarandi.

- Sjóðurinn stækkaði samtals um 61,7 ma.kr. á árinu eða um 14,9% úr 415,2 ma.kr. í 476,8 ma.kr. í lok árs 2024.
- Heildariðgjöld námu 25,4 ma.kr. sem skiptust þannig að iðgjöld í séreignarsjóð námu 14,4 ma.kr. og iðgjöld í samtryggingarsjóð námu 11 ma.kr.
- Heildariðgjöld hækkuðu um 10% á árinu.
- Útgreiðslur úr séreignarsjóði námu 8,2 ma.kr.
- Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði námu um 5,5 ma.kr.

Þá gerði Gunnar grein fyrir helstu niðurstöðum tryggingafræðilegrar úttekt sem unnin er af Talnakönnun hf. ásamt því að farið var yfir helstu forsendur tryggingafræðilegrar úttektar. Í árslok 2024 var áfallin staða neikvæð um 4,1%, framtíðarstaða jákvæð um 0,2% og heildarstaða neikvæð um 2,4%. Tryggingafræðileg staða batnaði töluvert á milli ára vegna góðrar ávöxtunar. Farið var yfir þróun áfallinnar skuldbindingar á árinu en aukningin var 10,6% og að mestu tilkomin vegna 4,8% verðbólgu. Gunnar fór yfir samanburð á niðurstöðum m.v. sérhæfðar og staðlaðar forsendur en skuldbindingar Almenna lífeyrissjóðsins eru gerðar upp miðað við sérhæfðar forsendur.

Að lokum þakkaði hann stjórn félagsins fyrir samstarfið á árinu og minntist sérstaklega á þá sem væru að hætta í stjórn og þakkaði þeim gott samstarf. Gunnar þakkaði frambjóðendum fyrir þátttöku í stjórnarkjörinu. Gunnar þakkaði þá starfsfólki sjóðsins og lauk á því að þakka sjóðfélögum fyrir góð samskipti á árinu.

Fundarstjóri þakkaði Gunnari fyrir yfirferðina og kynnti næsta dagskrárlið.

3. Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, tók til máls og fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2025, sem var samþykkt undir lok árs 2024. Lýsti hún stuttlega uppsetningu stefunnar og fór yfir þær breytingar sem hafa orðið á fjárfestingarstefnunni sem eru óverulegar milli ára.

Kristjana fór yfir þær ávöxtunarleiðir sem í boði eru hjá sjóðnum og lýsti stuttlega mismunandi fjárfestingum hverrar leiðar og hvernig eignasamsetning væri í hlutfalli við fjárfestingarstefnu. Kristjana

gerði grein fyrir því að nafni Húsnæðissafns hafi verið breytt í Skuldabréfasafn og að nýtt safn hafi verið stofnað í ársbyrjun 2025, Erlent skuldabréfasafn, en safnið fjárfestir í erlendum skuldabréfum og hlutabréfum.

Vék hún því næst að ávöxtun ársins en jákvæð raunávöxtun var á öllum söfnum sjóðsins og er langtímaávöxtun blandaðra safna góð. Farið var yfir þróun á mörkuðum síðastliðin 5 ár en innlend hlutabréf hafa hækkað um 12,4%, heimsvísitala MSCI um 14,2% og S&P500 um 14,5%.

Kristjana gerði grein fyrir því að innlend skuldabréf væru góður kjarni í eignasöfnum sjóðsins og sýndi það með myndrænum hætti. Þá fór hún yfir innlend hlutabréf og sýndi dreifingu hlutabréfanna eftir atvinnugreinum. Auk þess greindi hún frá erlendum eignum sjóðsins og útskýrði áhættudreifingu erlendu eignanna eftir löndum og atvinnugreinum en erlenda hlutabréfasafnið samanstendur af um 4.700 skráðum fyrirtækjum víðsvegar um heiminn. Sjóðurinn hefur einnig verið að auka vægi erlendra skuldabréfa í söfnum sínum. Þá fór hún yfir áherslur sjóðsins í fjárfestingum er varða samfélagslega ábyrgð en sjóðurinn hefur verið að leggja meiri áherslur á slíkar fjárfestingar.

Þá fór hún yfir fjárfestingarumhverfið og ávöxtun mismunandi eignaflokka á síðasta ári, bæði erlendra og innlendra. Kristjana fór jafnframt yfir þróun á ávöxtun helstu markaða frá áramótum og upplýsingar um gengi ávöxtunaleiða sjóðsins frá sama tíma en á heimasíðu sjóðsins er að finna upplýsingar um gengisþróun á ávöxtunarleiðum sjóðsins.

Kristjana þakkaði fyrir sig.

Fundarstjóri þakkaði Kristjönu fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður og fyrirspurnir um dagskrárliði eitt til þrjú. Engar spurningar voru bornar upp.

Fundarstjóri lagði því til að ársreikningur sjóðsins yrði tekinn til afgreiðslu og að það yrði gert með handauppréttingu, var það gert og var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum. Fundarstjóri kvað úr um að ársreikningur hefði verið samþykktur samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillaga um breytingar á samþykktum

Fyrir fundinum lágu tillögur frá stjórn til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins, tók til máls.

Helgi gerði grein fyrir tillögum frá stjórn að breytingum á samþykktum. Um er að ræða tillögur að breytingum á eftirfarandi ákvæðum:

8. grein (8.1, 8.3)

Orðalagsbreyting. Fjórar vikur í stað eins mánaðar.

Heimild til að ákveða að ársfundir eða sjóðfélagafundir séu haldnir rafrænt, að hluta eða öllu leyti.

Ákvæði um umboð tekið út úr samþykktum.

19. grein (19.3, 19.6, 19.8, 19.10)

Breyting á viðmiðum vegna mats á réttindum til örorkulífeyri.

Uppfærsla á fjárhæðum í samræmi við vísitölur.

Orðalagsbreytingar, skýringar og viðbætur. Bætt við ákvæði um skyldu lífeyrisþega til að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum.

5. grein (5.1, 5.11, 5.12)

Breytinga á skipan stjórnar sjóðsins. Lagt til að staða varamanna verði lögð niður.

Sólarlagsákvæði vegna varamanna, þ.e. staða núverandi varamanna verði lögð niður þegar kjörtímabili þeirra lýkur.

Breyting á ákvæði um hæfi stjórnarmanna og sérstakt hæfi. Vísað í ákvæði í stjórnsýslulögum og almennar reglur og viðmið um sérstakt hæfi.

7. grein (7.2)

Tillaga um breytingu á orðalagi í boðun ársfunda og í stað dagblaðs sem hefur víðtæka útbreiðslu kemur miðill sem hefur víðtæka útbreiðslu.

Vísitölubreytingar (4.5, 8.2, 12.7, 19.1, 20.5, 23.5)

Uppreiknaðar viðmiðunarfjárhæðir m.v. vísitölu í janúar 2025.

Helgi gerði grein fyrir breytingartillögum og benti á að þetta væru einfaldar orðalagsbreytingar, breytingar er varða varamenn í stjórn og hæfisskilyrði stjórnarmanna og breytingar sem stuðla að samræmingu milli lífeyrissjóða vegna örorkulífeyris. Helgi benti á að tillögurnar væru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Helgi lauk máli sínu og þakkaði fyrir sig.

Fundarstjóri þakkaði Helga fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður um samþykktarbreytingarnar. Engar spurningar voru bornar upp.

Fundarstjóri bar því næst breytingartillögurnar upp til samþykktar fyrir fundinn. Óskaði hann eftir því að fundurinn greiddi atkvæði um tillögurnar með handauppréttingu, var það gert og voru tillögurnar samþykktar samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Fyrst var borin upp breytingartillaga á grein 19 sem snýr eingöngu að breytingum á samtryggingarsjóði. Tillagan var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Því næst voru bornar upp breytingartillögur á öðrum greinum og uppfærslu á vísitölum. Tillögurnar voru samþykktar samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri kynnti næsta dagskrárlið.

5. Kosning stjórnar

Ólafur Jónsson, formaður kjörnefndar Almenna tók til máls.

Hann fór stuttlega yfir framkvæmd rafrænna kosninga, skipan kjörnefndar og störf hennar. Hámark atkvæðavægis í kosningunum í ár var 132.782.405 kr.

Ólafur lýsti því að tvö sæti aðalmanna, sem skulu skipuð körlum, hefðu verið laus og tvö sæti varamanna, en þar gátu bæði kona og karl verið í framboði. Alls voru 32 í framboði en af þeim voru 28 í framboði um tvö laus sæti í aðalstjórn og 28 um tvö laus sæti í varastjórn. Kosning hófst á hádegi þann 26. mars sl. og henni lauk kl. 16:00 þann 2. apríl sl. Fram kom að 1.523 sjóðfélagar höfðu greitt atkvæði og voru samtals greidd 69.213.595.794 atkvæði af 456.545.532.594 atkvæðum á kjörskrá eða 15,6%.

Ólafur las þá niðurstöðu í kosningu tveggja aðalmanna í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins sem er eftirfarandi:

Frambjóðandi	Hlutfall
Pórarinn Guðjónsson	25,97%
Már Wolfgang Mixa	19,50%
Frosti Sigurjónsson	11,91%
Pétur Már Halldórsson	5,29%
Gunnar Gunnarsson	5,18%
Aðrir	31,32%
Tóku ekki afstöðu	0,83%

Ólafur lýsti því Pórarinn og Már Mixa réttkjörna aðalmenn til stjórnar til þriggja ára.

Því næst las Ólafur upp úrslit í kosningu tveggja varamanna í stjórn sem er eftirfarandi:

Frambjóðandi	Hlutfall
Evgenia Kristín Mikaelisdóttir	13,98%
Rut Elvarsdóttir	11,56%
Vigdís Tinna Sigurvaldadóttir	10,87%
Frosti Sigurjónsson	9,32%
Magnús Karl Magnússon	7,94%
Aðrir	40,43%
Tóku ekki afstöðu	5,9%

Þar sem í núverandi varastjórn situr ein kona þarf að gæta að kynjahlutföllum við kjör á þriðja manni í varastjórn og hlýtur því sá karl sem fær flest atkvæði þriðja sæti kjör til setu í varastjórn. Í ár eru kosnir varamenn til 3ja ára og til 2ja ára og tekur sá aðili sem flest atkvæði fær sæti aðalmanns til 3ja ára.

Ólafur lýsti Evgeniu og Frosta sem réttkjörna varamenn til stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins. Kjörtímabili þeirra lýkur sem hér segir Evangiu árið 2028 og Frosta árið 2027.

Ólafur óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og þakkaði frambjóðendum fyrir þátttöku.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi fyrir yfirferðina og óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Fundarstjóri bauð nýkjörnum stjórnarmönnum að kynna sig en engin tók til máls.

Fundarstjóri kynnti næsta dagskrárlið.

6. Kosning í endurskoðunarnefnd

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrir lægi tillaga um tvo óháða aðila til setu í endurskoðunarnefnd tímabilið 2025-2026.

Helga Harðardóttur, löggiltur endurskoðandi og Eiríkur Þorbjörnsson, deildarstjóri hjá Verkís.

Fundarstjóri bar tillöguna upp og var hún samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags

Fundarstjóri upplýsti að samkvæmt tillögu endurskoðunarnefndar hefði stjórn sjóðsins lagt til að Deloitte ehf. yrðu endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins. Þar sem engin önnur tillaga var borin upp var Deloitte ehf. sjálfkjörið sem endurskoðunarfélag sjóðsins fyrir reikningsárið 2025.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Fundarstjóri kynnti tillögu starfskjaranefndar eins og hún liggur fyrir um stjórnarlaun fyrir árið 2025-2026.

- Mánaðarlaun stjórnarmanns verði 251 þúsund krónur á mánuði vegna komandi starfsárs.
- Varaformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun.
- Stjórnarmenn fá auk þess greitt sérstaklega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern fund utan reglubundna fundi samkvæmt starfsætlun stjórnar en þó að hámarki þrjá fundi á ári. Með aukafundum er átt við sérstaka vinnufundi stjórnar og fundi stjórnar án starfsmanna.
- Stjórnarmaður sem stenst hæfismat hjá Fjármálaeftirliti fær greidd 2 mánaðarlaun stjórnarmanns.

- Laun varamanns fyrir setinn fund sem aðalmaður nema einum mánaðarlaunum stjórnarmanns eða 251 þúsund og 201 þúsund krónur fyrir setinn fund sem varamaður (80% af launum aðalmanns).
- Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærri en sem svarar til launa stjórnarmanna.
- Laun til undirnefnda stjórnar (endurskoðunarnefnd, kjörnefnd) taki mið af launum stjórnar og nemi hálfum stjórnarlaunum eða 125.500 krónur á mánuði til almennra nefndarmanna og 251 þúsund krónur á mánuði fyrir formenn.

Fundarstjóri fór yfir að í tillögunni kæmi fram að laun stjórnarmanna hækkuðu um 6,6% sem væri samsvarandi við hækkun launavísitölu Hagstofu Íslands.

Fundarstjóri bauð upp á umræður um þessa tillögur. Enginn tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

8. Önnur mál

Fundarstjóri kannaði hvort einhver óskaði eftir því að fá að kveða sér orðs.

Björn Sævar Einarsson, spurðist fyrir um erindi sem sent var til sjóðsins vegna Haga á árinu 2024 og varðaði netsölu félagsins á áfengi og hvernig það samræmdist sjálfbærnistefnu Haga og ákvæðum íslenskra laga. Björn spurðist fyrir um eftirfarandi:

- Svöruðu Hagar erindinu ?
- Hefur sjóðurinn skoðað hvort taka ætti upp skýrari stefnu vegna fjárfestinga í áfengisöðnaði ? Björn betni á stefnu norska lífeyrissjóðsins KPL en þar kemur skýrt fram ástæður fyrir því að þeir fjárfesta ekki í áfengisöðnaði.

Gunnar kom í pontu og svaraði Birni.

- Hagar hafa svarað sjóðnum og hefur svar þeirra verið metið fullnægjandi með hliðsjón af gildandi lögum og lýðheilsustefnu.
- Almenni lífeyrissjóðurinn gerir sér grein fyrir að það eru skiptar skoðanir meðal sjóðfélaga vegna þessa en sjóðurinn hefur ekki skoðað að setja sér sérstaka stefnu vegna þess en telur sjálfsagt að skoða stefnu og upplýsingagjöf þessa sjóðs sem nefndur er.

Fleira var ekki gert og óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að fundarritari gangi frá fundargerð eftir fundinn í samráði við fundarstjóra. Enginn hreyfði við mótmælum og er það því samþykkt.

Fleiri atriði lágu ekki fyrir fundinum og var honum slitið kl. 18:50.

Samkvæmt yfirliti um lista yfir kjósendur sem mættu til fundarins, mættu sjóðfélagar sem fara með 2.197.667.67 atkvæði til fundarins eða 0,048% sjóðfélaga.

Undir fundargerð rita:

Grétar Már Ólafsson, fundarstjóri

Sigríður Ómarsdóttir, fundarritari

Undirritunarsíða

Sigríður Ómarsdóttir

Grétar Már Ólafsson